

**Nd.**

## **87. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 19. maí 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Í stað »10 aurar« í 3. gr. laganna komi: 5 aurar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.

### **Ástæður.**

Á síðastliðnu ári var sildveiði þessi: saltað og sérverkað 185809 tn., látið í bræðslu um 545000 mál. Hefir því sildveiðin verið skattlögð til flugmálasjóðs með um 70 þús. kr. á árinu 1930, því að vart hefir aflazt meira en 30 þús. tn. og mál á reknetaskipin.

Áður en þessi skattur til flugmálasjóðs var lögfestur, var sild og síldarafurðir skattlagt hærra að hundradstölu verðmætis en aðrar útflutningsvörur. Skatturinn til flugmálasjóðs átti að skoðast sem endurgjald fyrir síldarleit flugvélar, sem haft hefir það starf með höndum. Nú er það ósannað, hvort eða að hve miklu leyti slík leit að sild er til hagsbóta fyrir sildveiðendur, og það er sennilegast, að á þeim tímum, sem veðráttá er í lakara lagi, muni notin verða litil.

Þá er þess að gæta, að jafnvel þótt flugvél væri að mestu eða öllu bundin við leitina í 10 vikur, þá mundi sá kostnaður vart fara fram úr 30 þús. krónum. Nú er fullt útlit fyrir, að verð á sild til bræðslu verði mjög lágt á sumri komanda, sennilega um 4 krónur málið. Flugmálaskatturinn einn yrði þá að óbreyttri upphæð  $2\frac{1}{2}\%$ .

Að þessu athuguðu virðist sjálfsagt að lækka gjaldið, ekki minna en hér er farið fram á.